



VEITUSTJÓRN HRUNAMANNAHREPPS



10. fundur Veitustjórnar Hrunamannahrepps var haldinn miðvikudaginn 8. nóvember 2023 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 17:45.

Fundinn sátu: Sigurjón Snær Jónsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði. Einnig sátu fundinn Bjarney Vignisdóttir, Daði Geir Samúelsson, Kolbrún Haraldsdóttir og Ragnhildur S. Eypórsdóttir í forföllum Ævars Eyfjörðs Sigurðssonar,

Auk þeirra sátu fundinn: Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Í upphafi leitaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Gengið til dagskrár:

1. Gjaldskrárbreytingar

Lögð fram gjaldskrá hitaveitunnar fyrir árið 2024.

Tillaga lögð fram um hækkun gjaldskrár, er þar miðað við þróun neysluverðsvísitölu síðastliðinna 12 mánaða að jafnaði eða 8%.

Veitustjórn samþykkir gjaldskrána og vísar henni til sveitarstjórnar til samþykktar og felur jafnframt veitustjóra að auglýsa hana að því loknu í samræmi við lög þar um.

Lagðar fram gjaldskrár vatnsveitu, fráveitu og Hrunaljóss fyrir árið 2024.

Tillaga lögð fram um hækkun gjaldskrána, er þar miðað við þróun neysluverðsvísitölu síðastliðinna 12 mánaða að jafnaði eða 8%.

Veitustjórn samþykkir gjaldskrárnar með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

2. Fjárhagsáætlanir.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2024 og þriggja ára áætlun.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 sem og þriggja ára áætlun.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að tap verði af rekstri sem nemur 3,7 m.kr.

Í fjárfestingum er gert ráð fyrir lögnum í Loðmundartanga og breytingum á bílakosti.

Veitustjórn samþykkir fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða fyrir árið 2024 sem og þriggja ára áætlun.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Vatnsveita Hrunamannahrepps fyrir árið 2024 og þriggja ára áætlun. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun vatnsveitu fyrir árið 2024 sem og þriggja ára áætlun. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að hagnaður verði af rekstri sem nemur 14,8 m.kr. Í fjárfestingum er m.a. gert ráð fyrir lögn í Loðmundartanga og tengingum húsa í Byggð á Bríkum sem og uppsveitalögn en þar myndi vatnsveitan kosta sverari lögn og dætur.

Veitustjórn samþykkir fjárhagsáætlun vatnsveitunnar fyrir árið 2024 sem og þriggja ára áætlun.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2024 og þriggja ára áætlun. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun fráveitu fyrir árið 2024 sem og þriggja ára áætlun. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að tap verði af rekstri sem nemur 12,5 m.kr. Í fjárfestingum er gert ráð fyrir tengingum húsa í Byggð á Bríkum og lögn í Loðmundartanga. Einnig er gert ráð fyrir að ný lögn verði lögð frá Hótel Flúðum og Akurgerði að hreinsistöð í Birkihlíð svo hægt verði að anna þeirri aukningu sem framundan er.

Veitustjórn samþykkir fjárhagsáætlun fráveitunnar fyrir árið 2024 sem og þriggja ára áætlun með þeirri breytingu sem rædd er hér að framan.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Hrunaljós fyrir árið 2024 og þriggja ára áætlun. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Hrunaljóss fyrir árið 2024 og þriggja ára áætlun. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að tap verði af rekstri sem nemur 3,6 m.kr.

Veitustjórn samþykkir fjárhagsáætlun Hrunaljóss fyrir árið 2024 sem og þriggja ára áætlun.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20:45